

26. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar miðvikudaginn 13. apríl 2011, kl. 14:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Háskólasetur á Blönduósi – Rektor Háskólans á Hólum mætir**
 - 2. Vinnuskóli**
 - 3. Sumaropnunartími sundlaugar**
 - 4. Hesteigendafélag – Þórólfur Óli mætir**
 - 5. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. mars 2011**
 - b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 28. mars 2011**
 - c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars**
 - d) 2011**
 - e) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 23. mars 2011**
 - 6. Aðalfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár**
 - 7. Bréf frá Guðmundi Ágústssyni hrl. dags. 4. apríl 2011**
 - 8. Atvinnumál**
 - 9. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Háskólasetur á Blönduósi – Rektor Háskólans á Hólum mætir**

Rektor Háskólans á Hólum Skúli Skúlason mætti ásamt Kristínu Tryselius deildarstjóra ferðamáladeildar Háskólans á Hólum.

Skúli gerði grein fyrir aðdraganda að stofnun Háskólasetursins og þeim verkefnum sem setrið hefur verið að vinnu síðustu misseri. Jafnframt kynnti Skúli áform setursins næstu mánuðina. Gerðar hafa verið breytingar á stafsmannahaldi setursins þar sem einum starfsmanni hefur verið sagt upp. Skúli kynnti aðila sem gæti komið til greina sem tæki við starfinu.

Umræður urðu um málið og bæjarfulltrúar lýstu þeirri skoðun sinni á mikilvægi þess að starfsmenn setursins hafi aðsetur í sveitarfélaginu.

Skúli og Kristine yfirgefa fundinn.

- 2. Vinnuskóli**

Fjármálastjóri Blönduósbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir og yfirmaður tæknideildar Blönduósbæjar, Ágúst Þór Bragason mættu á fundinn.

Valgerður fór yfir drög að vinnuskjali sem dreift var fyrir fundinn.

Bæjarráð samþykkti fjölda og tímakaup starfsmanna Vinnuskólans sumarið 2011.

Bæjarráð felur starfsmönnum bæjarskrifstofunnar að auglýsa og ráða í sumarstörf á vegum Blönduósbæjar.

3. Sumaropnunartími sundlaugar

Bæjarráð ræddi sumaropnun sundlaugarinnar á Blönduósi.

Bæjarráð samþykkti eftirfarandi opnunartíma:

Mánudag-föstudag: 08:00-21:00

Laugardag-Sunnudag: 10:00-20:00

Bæjarráð samþykkti einnig vetraropnun sundlaugarinnar samkvæmt drögum sem lágu fyrir fundinn.

4. Hesteigendafélag – Þórólfur Óli mætir

Þórólfur Óli og Eiríkur Ingi, forsvarsmenn Hesteigendafélag Blönduóss, mættu á fundinn. Þórólfur Óli afhenti bæjarráði ályktun sem samþykkt var á fundi Hesteigendafélags Blönduóss þann 24. mars sl. Ályktunin hljóðar svo: "Fundur í Hesteigendafélagsi Blönduóss, haldinn í Reiðhöllinni Arnargerði 24. mars 2011 harmar að Bæjaryfirvöld á Blönduósi skuli hafa séð sig knúinn til að fara að úrskurði yfirfasteignamatsnefndar vegna álagningar fasteignagjalda 2011. Heppilegra hefði verið að málið hefði verið kynnt og hesthúsaeigendur getað undirbúið sig fyrir þessa breytingu. Þessi breyting kemur á sama tíma og sorpgjald hækkar um næstum 50% og landleiga hækkar um 10%. Hestamenn mótmæla þessum stórauknu álögum og skora á bæjaryfirvöld að hverfa frá þessum auknu álögum eða draga úr þeim með einhverjum hætti og benda á að ekki hafa öll sveitarfélög talið sér skylt að innleiða þessar breytingar strax.

Fundurinn hvetur bæjaryfirvöld til þess að undirbúa nú þegar og hrinda í framkvæmd á sumri komandi það mat á landi sem lofað var af bæjarstjórn þann 27.05.2008. Allir eru sammála um að óeðlilegt sé að greiða sama fermetraverð fyrir ræktað land annars vegar og örfoka mel eða moldarflag hins vegar."

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að undirbúningi á mati á beitarhólfum í sveitarfélaginu. Afgreiðslu annarra atriða í ályktun frestað til næsta fundar.

5. Fundargerðir:

a) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 15. mars 2011

Lagt fram til kynningar

b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 28. mars 2011

Lagt fram til kynningar.

c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars 2011

Lagt fram til kynningar.

d) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 23. mars 2011

Lagt fram til kynningar.

6. Aðalfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár

Aðalfundur Veiðifélags Blöndu og Svartár verður haldinn í Húnaveri laugardaginn 23. apríl kl. 14:00.

Zophonías Ari Lárusson mætir fyrir hönd Blönduósbæjar og fer með atkvæði bæjarins á fundinum.

7. Bréf frá Guðmundi Ágústssyni hrl. dags. 4. apríl 2011

Zophonías Ari yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Óskað er eftir afstöðu bæjarfélagsins annars vegar til skaðabótaskyldu og hins vegar til þess með hvaða fjárhæðum bæjarfélagið er tilbúið að bæta Kráki ehf. það tjón sem hann varð fyrir með úrskurði innanríkisráðuneytisins frá 17. mars sl.

Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

Lagt fram til kynningar.

8. Atvinnumál

Bæjarstjóri greindi frá fundi með sjávarútvegsráðherra þar sem málefni byggðakvótans voru rædd.

Umræður urðu um lífrænan úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

9. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:35

*Kári kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)